

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 5.12.2023
UST202301-193/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2023 - Olíudreifing ehf., Neskaupstað, geymir nr. 4, T0201

Umhverfisstofnun barst þann 9. október 2023, skýrsla um þykktarmælingar á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Neskaupstað. Geymirinn er merktur nr. 4, hefur fastanúmerið T0201 og eigendanúmerið 740.04.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Naustahvammi 57, Neskaupstað. Geymirinn er liggjandi stálgeymir smíðaður árið 2002.

Þykktar- og segulsviðsmælingarnar framkvæmdu Gísli A. Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 14. október 2023. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var belgur hans mældur ásamt endalokum.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., nr. TM-233673-T0201-4-OKT-23, að geymirinn lítur vel út að utan og er málaður. Ekki gafst tækifæri á að skoða geymirinn innanvert. Mælingar sýna að efnisþykktin er í öllum punktum 5,8 mm og þar yfir, mest 6,5 mm á hlið geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri